

Íslandskur iðnaður

12. tölublað 17. árg.

Desember 2011

Samtök iðnaðarins | SI



*Samtök iðnaðarins
óska félagsmönnum sínum og öðrum
lesendum gleðilegra jóla, árs og frúðar*

Sterk samtök í veiku umhverfi



Helgi Magnússon
formaður SI

Samtök iðnaðarins hafa aldrei verið sterkari en nú. Samtökin eru að stækka umtalsvert og fjölgun félaga gefur okkur aukinn slagkraft í þeirri baráttu sem framundan er. Ekki veitir af því efnahagsumhverfið er áfram veikt, það vantar aukinn kraft í margar greinar atvinnulífsins ekki síst vegna þess að áfram hefur verið fylgt rangri efnahagsstefnu. Í stað þess að taka höndum saman um öflugan hagvaxtarstefnu sem byggðist á fjárfestingum og aukinni verðmætasköpun í atvinnulífinu hafa stjórnvöld fetað veg niðurskurðar og skattþíningar í stað þess að breikka skattstofnana með því að greiða fyrir auknum fjárfestingum og umsvifum.

SI og SART sameinast

Fyrir skömmu gengu Samtök iðnaðarins og SART, Samtök rafverktaka, frá sameiningu undir nafni SI. Við það fækkar stoðum innan Samtaka atvinnulífsins um eina og verða nú 7 að tölu. Sameining þessara tveggja stoða er mikið fagnaðar-efni og eflir starf okkar á sviði mannvirkja- og byggingariðnaðar. Félagar í SART eru um 200 talsins.

Viku eftir að SI og SART sameinuðust gekk Meistarafélag húsmiða til liðs við SI og bættust okkur þá 120 nýir félagar sem við bjóðum einnig velkomna. Húsmiðirnir eiga svo sannarlega heima í Samtökum iðnaðarins eins og fleiri hópar byggingariðnaðarmanna sem eru á leið til okkar nú á jólafestu. Við væntum þess að fyrir áramót gangi til liðs við okkur Múrarmeistarafélag Reykjavíkur og Félag dúkklagna – og veggfóðrara-

meistara. Von er á enn fleiri aðilum úr byggingargreininni sem eftir þessar breytingar verður sameinuð í heild innan Samtaka iðnaðarins. Það er mikið fagnaðar-efni enda standa samtökin ekki vel undir nafni nema þessir aðilar séu hluti þeirra. Með þessum breytingum fjölgar í SI um 40% og við trúum því að þessi öflugi liðsauki eflir samtökin til enn frekari dádá. Því segi ég að Samtök iðnaðarins hafi aldrei verið sterkari en nú.

Hvernig var árið?

Þegar við hjá Samtökum iðnaðarins lítum yfir árið 2011 finnum við fyrir blendnum tilfinningum. Við fögnum fjölda nýrra félaga og sjáum að samtökin eru að eflast. Þá gleðjumst við yfir ýmsu sem tekist hefur að þoka í rétta átt. Við höfum staðið fyrir átaksverkefningu Árs nýsköpunar og teljum að það hafi heppnast einkar vel. Átakið hefur fært okkur heim sanninn um að það býr mikið afl í iðnaðinum og atvinnulífinu öllu. Nýsköpun er öflug og er að skila árangri miklu víðar en við gerum okkur ljóst að óat-
huguðu máli. Það er gleðiefni og eykur okkur bjartsýni og áræði þegar horft er inn í nýtt ár og til framtíðarinnar.

Vonbrigðin snúa að því rekstrarumhverfi sem atvinnulífinu er búið á Íslandi um þessar mundir. Enn eitt árið er liðið þar sem beitt er rangri efnahagsstefnu sem gerir það að verkum að Íslendingar eru ekki að nýta þau tækifæri sem bjóðast. Tíminn er illa nýttur og enn eitt glatað ár hefur bæst við að þessu leyti.

Það hefur ekkert breyst

Fyrir einu ári sagði ég hér í blaðinu: „Í stað þess að standa fyrir djarfri vaxtarstefnu til að efla verðmætasköpun, vinna bug á atvinnuleysi og auka útflutnings-
tekjur, hefur verið beitt harðri skattþíningarstefnu sem dregur mátt úr fólki og fyrirtækjum. Vantað hefur skýran vilja til að nýta náttúruauðlindir þjóðarinnar með markvissum og ábyrgum hætti. Þess í stað hefur tíminn farið í að deila um stefnumörkun varðandi nýtingu orkuauðlinda og fiskistofna.“

Það hefur því miður ekkert breyst á einu ári hvað þetta varðar. En þjóðin er í vaxandi mæli að gera sér ljóst að stefna stjórnvalda gengur ekki upp. Skoðanakannanir sýna að stjórnarflokkunum er hafnað. Annar þeirra er kominn niður í 18% fylgi og hinn í 13% ef marka má þær vísendingar sem skoðanakannanir gefa. Þeim verður því refsað í næstu kosningum – nema þeir sjái að sér, snúi blaðinu við og taki upp djarfa efnahagsstefnu. Það þarf reyndar mikla bjartsýni til að trúa á slíkar breytingar!

Ég vona að nýtt ár gefi okkur nýjar vonir og að Íslendingar haldi áfram að varðveita þá trú að við höfum mikla möguleika og við munum nýta þá strax og hindrunum verður rutt úr vegi. Það styttist alltaf í það.

Samtök iðnaðarins óska lesendum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Hvað er að fréttar?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Iðnþing 2012

Iðnþingið verður haldið í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal fimmtudaginn 15. mars og hefst með aðalfundi Samtakanna.

Dagskrá Iðnþings er í undirbúningi og verður kynnt þegar nær dregur.

Árshóf Samtakanna verður haldið föstudaginn 16. mars á Grand hótél í veislusalnum Gullteigi og hefst kl. 19.30 með fordrykk í boði SI



Samtök iðnaðarins - www.si.is

Nýir félagsmenn SI

Atorka ehf.
Vættaborgum 117
112 Reykjavík

Rein sf.
Krúási 23
221 Hafnarfirði

Fagverk Verktakar
Spóahöfða 18
270 Mosfellsbæ

Kerecis ehf.
Hlíðarvegi 16
400 Ísafirði

Élivogar ehf.
Gufunesi
112 Reykjavík

Svipmyndir frá árshófi Samtaka iðnaðarins sem haldið var á Grand hóteli 11. mars 2011



Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
12. töl. 17. árg. Desember 2011
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 15.12.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, forsiða - jólasveinar í Dimmu-
borgum, ljósm. Ragnar Th. Sigurðsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjóri: Rakeł Pálsdóttir

Prófastur: Rakeł Pálsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Lýsing tapar í héraðsdómi fjármögnunarleigusamningar enn einu sinni dæmdir ólöglegir



Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu þann 1. desember að fjármögnunarleigusamningar Lýsingar væru í raun lánasamningar og því væri gengistrygging þeirra ólögleg. Þetta er þriðji samhljóða dómurinn um ólögmati lánasamninga í erlendri mynt.

Samtök iðnaðarins krefjast þess að fyrirtæki á fjármálamarkaði virði niðurstöður dómstóla og leiðrétti þegar í stað þúsundir ólöglega lánasamninga.

Talið er að fjármögnunarleigur hafi gert ólöglega lánasamninga við 2.500 fyrirtæki. Heildarsamningsfjárhæð er óþekkt en leiðréttingar í kjölfar þessara dómsmála hlaupa engu að síður á milljörðum króna. Alls er talið að dómurinn og fyrri samhljóða dómur taki til 10 til 15 þúsund samninga sem nú hafa verið dæmdir ólöglegir. Við málflutning í héraði kom Lýsing ekki með nein ný rök eða málsástæður umfram það sem þegar hefur komið fram í fyrri dómsmálum, sem styður grun margra að tilgangur málaferlanna sé einkum að draga upp-gjör og leiðréttingar við viðskiptavini á langinn. Samtök iðnaðarins hafa vakið athygli Fjármálaeftirlitsins á alvarleika málsins og þeirri hegðun Lýsingar og Landsbankans að þverskallast við að leiðréttu samningana þrátt fyrir niðurstöður dómstóla. Að gengnum þessum

síðasta dómi hlýtur FME að taka til sinna ráða nema fjármögnunarleigurnar hefjist þegar í stað handa við að leiðrétta samninga sína.

„Þessi dómur kemur okkur hjá Samtökum iðnaðarins ekki á óvart. Þetta er þriðji samhljóða dómurinn sem kveðinn hefur verið upp gagnvart kaup- og fjármögnunarleigusamningum. Í öllu tilvikum hafa dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að þessir leigusamningar hafi í raun verið dulbúnir lánasamningar í erlendri mynt og því dæmdir ólöglegir. Kaupleigufyrirtækjunum ber því að endurreikna þá án frekari tafa. Engin ný rök, gögn eða málsástæður voru lögð fram í þessu síðasta dómsmáli sem eitt og sér ber með sér að það sé einungis til þess fallið að tefja réttmætar leiðréttingar“ segir Árni Jóhannsson forstöðumaður mannvirkjasviðs SI. „Dómurinn hefur áhrif á viðgang 2.500 fyrirtækja í alls kyns atvinnugreinum. Samningar af þessu tagi eru algengir í landbúnaði, fiskvinnslu, framleiðsluiðnaði, verktöku og svo má lengi telja.“ segir Árni.

Lesið má dóminn í heild inni á www.si.is



68% af bókatitlum prentaðir á Íslandi

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2011. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands dragast saman um rúmlega þrjú prósentustig milli ára en árið 2010 var 71,4% hlutfall á prentun bókatitla innanlands.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 690 í Bókatíðindunum í ár en var 710 árið 2010.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverri heimsálfu og hlutfall af heild.

	Fjöldi titla	%
Ísland	470	68,1
Asía	119	17,2
Evrópa	100	14,6
Annað	1	0,1
Samtals	690	100%

Óréttmæt mismunun

Bækur og tímarit sem prentuð eru erlendis bera einungis 7% virðisaukaskatt í tolli en íslenskum framleiðendum/prentsmiðjum er gert að leggja á 25,5%. Þarna er um að ræða óréttmæta mismunun og hafa SI því hlutast til um að reka prófmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur þar sem þess er krafist að innlendir framleiðendur/prentsmiðjur sitji við sama borð og þeir sem flytja inn bækur og tímarit sem prentuð eru erlendis.



Svörum atvinnuleitendum

Langtímaatvinnuleysi er orðið alvarlegt vandamál í samfélaginu og sá stóri hópur sem er án vinnu þarf mikinn stuðning. Um 12.000 manns eru á atvinnuleysissskrá, þar af hafa 4.500 manns verið atvinnulausir í meira en eitt ár, rúmlega 2000 manns í meira en tvö ár og rúmlega 500 manns í þrjú ár.

Eitt af því sem ýtir undir virka atvinnuleit þeirra sem sækja um störf eru við-

brögð við atvinnuumsóknum. Því miður virðist það alltof oft brenna við að atvinnuleitendur fá engin svör við umsóknum.

Samtök iðnaðarins hvetja alla félagsmenn og aðra atvinnurekendur til að sýna umsækjendum þá virðingu að svara öllum atvinnuumsóknum sem til þeirra berast. Það er lítið en mikilvægt skref í því að bæta virkni atvinnuleitenda.

Raforkuhækkunar koma illa við stærri iðnfyrirtæki



Hækkunar á ótryggðri orku sem boðaðar eru nú um áramót koma illa við mörg stærri iðnfyrirtæki. Það kemur í opna skjöldu hve mikil hún er. Rekstur fyrirtækjanna er þungur og því kemur svona sending sér afar illa.

Hópur fyrirtækja var á þessum töxtum sem eru lagðir niður og kynntir eru nýir taxtar sem eru opnari fleirum að koma inn í. Þrátt fyrir hækkun eru þeir hagstæðari en forgangsrorka. Þessir taxtar hafa í för með sér að það má rjúfa orkuna til kaupandans ef álag er á kerfinu. Þeir henta því eingöngu stærri fyrirtækjum sem geta verið með varaafli.

Auk þess að hækka taxa er skilmálum breytt og meiri krafa er gerð um upplýsingagjöf um notkun. Notendum er gert að áætla notkun til ákveðins tíma og ef farið er út fyrir viss mörk kemur viðbótargjald. Þetta er nýmæli fyrir flesta og kallar á ný vinnubrögð en breytingin tekur gildi um áramót og lítill tími gefinn. Nokkur mismunur virðist vera á því hvaða kjör eru í boði en verðhækkunin er kynnt með skömmum fyrirvara og lítið svigrúm til að leita tilboða og kanna kostina. Samtökin gagnrýna vinnubrögð orkufyrirtækja og hve skammur fyrirvari er gefinn til aðlögunar. Það tekur tíma að innleiða ný vinnubrögð í fyrirtækjunum og aðlaga sig nýjum töxtum.

Þetta getur einnig unnið gegn markmiðum um minni losun gróðurhúsalofttegunda því dæmi eru um fyrirtæki sem nýlega hefur fjárfest í búnaði til að nýta raforku í stað olíu en skoðar nú hvort það borgi sig að hverfa til baka í olíunotkun.

Raforkuverð er eitt af því fáa sem er íslenskri framleiðslu í hag um þessar mundir, í samanburði við nágrannalönd. Miklar hækkunar á raforkuverði veikja stöðu stærri iðnfyrirtækja og koma illa við áform um uppbyggingu á fjölbreyttu atvinnulífi. Þróun orkuverðs á næstu árum mun skipta verulegu máli í þeirri uppbyggingu.



Jarðlagnatæknánám

Næsta jarðlagnatæknánámskeið hefst nú eftir áramót!

Námið er ætlað öllum þeim sem starfa við jarðlagnir og jarðvinnu, hvort sem þeir starfa hjá veitufyrirtækjum, sveitafélögum, símafyrirtækjum eða hjá verktökum.

Orkuveita Reykjavíkur hefur nú sett það sem skilyrði að verktakar sem vinna við lagnakerfi OR hafi starfsmenn sem lokið hafi jarðlagnatækninámi eða sambærilegu námi.

Námsgreinar eru m.a. lagnir og lagnaefni, jarðvegsfræði, efnisfræði, vélfræði, rafmagnsfræði og tölvur, ásamt almennum greinum.

Samþykkt hefur verið af Menntamálaráðuneytinu að meta megi námið um sem nemur allt að 24 einingum í framhaldsskóla.

Námið er 300 kennslustundir og er kennt í þremur tveggja vikna lotum:

Lota eitt: 16.–27. janúar 2012

Lota tvö: 13.–27. febrúar 2012

Lota þrjú: 12.–23. mars 2012

Mímir símenntun, Samorka, Orkuveita Reykjavíkur, Gatnamálastofa, Síminn, Efling-stéttarfélag, Starfsafl og Landsmennt standa saman að náminu.

Námskeiðsgjald er kr. 51.000,-

Skráning og nánari upplýsingar hjá Mími símenntun í síma: 580 1800 / 580 1821

eða í netfangið: gudjonhs@mimir.is

Umsóknir þurfa að berast fyrir 6. janúar n.k.

Þátttakendafjöldi er takmarkaður.



Aðalfundur Samtaka sprotafyrirtækja sendir frá sér ályktun

Formaður samtakanna Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika ehf. var endurkjörin formaður, en nýir fulltrúar í stjórn voru kjörin Rakel Sölvadóttir hjá Skema ehf. og Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson hjá Clara ehf. Íris Kristín Andrésdóttir, Gogogic ehf. og Gunnlaugur Hjartarson, Iceconsult, voru endurkjörin í stjórn og Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku ehf og Perla Björk Egilsdóttir, Saga Medica ehf, endurkjörin í varastjórn.

Markmið SSP er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi. Fyrirtæki innan SSP eru góður þverskurður tæknifyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, leikjaiðnaði, líftækni, orku- og umhverfistækni, heilbrigðisiðnaði/tækni, véltækni og byggingartækni. Samtökin starfa sem starfsgreinahópur innan SI.

Ályktun aðalfundar 9. desember 2011

Aðalfundur Samtaka sprotafyrirtækja sendir frá sér eftirfarandi ályktun.

1. Endurgreiðsla 20% af rannsókn- og þróunarkostnaði nýsköpunarverkefna skiptir miklu máli fyrir íslensk sprotafyrirtæki. SSP lýsir yfir mikilli ánægju með þennan stuðning sem íslenska ríkið veitir sprotafyrirtækjum og nýsköpun á Íslandi. Fullyrða má að þessi stuðningur mun hafa góð áhrif á þróunarstarf og áframhaldandi vöxt fyrirtækjanna hér á landi og spornar við brotthvarfi fólks og fyrirtækja frá landinu.
2. SSP álykta einnig um nauðsyn þess að ríkisstjórnin standi við yfirlýsingu sína vegna kjarasamninga í maí þar sem gefin voru loforð um að efna til klasasamstarfs og að efla samkeppnissjóði á sviði menntamála, heilbrigðis- og velferðarmála og orku- og umhverfismála á grundvelli útfærðra hugmynda Samtaka iðnaðarins og gera Tækniþróunarsjóði kleift að aðstoða fyrirtæki á sviði hugbúnaðar og hátækni til að auka útflutning á næstu þremur árum.
3. SSP ítreka einnig mikilvægi þess að Tækniþróunarsjóður verði eflur í 4 milljarða í samræmi við tillögu í atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar.

Ítarlegri reglur um merkingar matvæla taka gildi hjá ESB

Ný reglugerð um merkingar matvæla (food information to consumers) tekur gildi hjá Evrópusambandinu þessa dagana. Reglugerðin verður innleidd á Íslandi á næstu misserum og mun leysa af hólmi núverandi reglugerðir um merkingu matvæla og merkingu næringargildis matvæla.

Nýju reglurnar eru mun ítarlegri en núgildandi reglur. Meðal nýjunga er að lágmarksleturstærð er skilgreind fyrir texta á umbúðum. Skyld verður að merkja næringargildi flestra matvæla á tiltekinn hátt (orku, fitu og mettaða fitu, kolvetni, sykur, prótein og salt). Skyld verður að upprunamerkja kjöt og merkja samsett kjöt sem „mótað kjöt“. Það sama á við um óunnar fiskafurðir. Ofnæmis- og óþolsvalda á að merkja á áberandi hátt með lita- eða leturbreytingu. Frestur til að uppfylla reglurnar í löndum Evrópusambandsins er 3 ár (5 ár fyrir næringargildismerkingar). Þrátt fyrir að tafir verði á innleiðingu reglugerðarinnar í íslenska löggjöf rennur frestur til að uppfylla hana að öllum líkindum út á sama tíma hér á landi. Því er mikilvægt fyrir íslenska framleiðendur að fara nú þegar að kynna sér efni reglugerðarinnar og fara að kröfum hennar við hönnun nýrra umbúða. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er löglegt að merkja íslenskar vörur samkvæmt Evrópureglunum þrátt fyrir að þær hafi ekki formlega tekið gildi hér. Kynningarglærur og upptöku frá kynningarfundum um reglurnar er hægt að finna á vef Matvælastofnunar www.mast.is.

Matvælastofnun hvetur framleiðendur til að senda spurningar og ábendingar, sem varða reglugerðina, á netfangið mast@mast.is.



FHIF fagnar 80 ára starfsafmæli

Félagið minntist tímamótanna með fjölmennu boði í Baðstofu iðnaðarins og mættu fjölmargir félagsmenn og velunnarar iðngreinarinnar til veislunnar.

Stjórn félagsins hefur gjarnan nýtt áratugaafmæli til að heiðra einstaka félagsmenn sem skarað hafa fram úr á ýmsa lund. Nú ákvað stjórnin að gera hinn síunga og sístarfandi Ingvar Þorsteinsson húsgagnasmíðameistara að heiðursfélagi. Ingvar er raunar eilítið eldri en félagið sjálft, en er engu að síður enn starfandi við iðngrein sína.

Eyjólfur Eyjólfsson framkvæmdastjóri AXIS húsgagna ehf. og formaður félagsins flutti ávarp og afhenti Ingvari heiðurskjal til staðfestingar á heiðursnafnbótinni.

Félagið var stofnað 1. október 1931 í þeim tilgangi að gæta sameiginlegra hagsmuna stéttarinnar. Viðfangsefni á upphafsárunum eru ennþá kunnugleg: samkeppni, verðlag og innflutningur húsgagna. Stofnendur voru níu húsgagnameistarar en fjórir bættust í hópinn nokkrum dögum eftir formlega stofnun félagsins.



Frá vinstri Árni Jóhannsson forstöðumaður FHIF, Ingvar Þorsteinsson heiðursfélagi og Eyjólfur Eyjólfsson formaður



Talið frá vinstri Ásgeir Guðmundsson, Vilhelmína Adolpsdóttir og Guðmundur Ó. Eggertsson

Námskeið í gæðastjórnun - í anda nýrra mannvirkjalaga

Fyrsta námskeiðið í gæðastjórnun þar sem kennt er með stuðningi frá miðlægu gæðakerfi SI var haldið hjá IÐUNNI fræðslusetri 18. og 19. nóvember.

Á námskeiðinu, sem er alls 20 kennslustundir er farið yfir hugtök og aðferðafræði gæðastjórnunar, auk þess sem farið var í saumana á helstu verklagsreglum er varða stjórnun verklegra framkvæmda.

Sérhver þátttakandi fær tímabundið aðgang að gæðakerfinu þar sem hann vinnur tiltekin gögn sem hann fær síðan með sér heim til að bæta við eða leggja grunn að eigin gæðahandbók. Þar sem hluti námskeiðsins er verklegur, sem kallar á aukna athygli leiðbeinandans, er þátttakandafjöldi takmarkaður við 12 nemendur hverju sinni.

Gæðakerfi SI reyndist mjög hentugt til kennslu og fékk auk þess mjög góða umsögn þátttakenda þar sem 80% þeirra töldu það einfalt í notkun og 90%



töldu það gæti hentað í þeirra eigin rekstri.

Þar sem vel tókst til mun IÐAN fræðslusetur skipuleggja fleiri námskeið

á komandi misserum. Áhugasamir geta skoðað hljóðglæru um gæðakerfi SI á vefsetri SI undir www.gsi.is.

Íslenskir neytendur ganga fyrir



Smjörskortur í Noregi veldur því að Norðmenn hafa þurft að ganga bótnarveg milli nágrennalanda

sinna til að reyna að fá keypt smjör í jólabaksturinn. M.a. kom norsk sendinefnd hingað til lands og óskaði eftir að kaupa smjör frá Íslandi. Í samtölum fjölmíðla við Einar Sigurðsson, forstjóra Mjólkursamsölnnar, kemur fram að þrátt fyrir að hér séu til nægar smjörbirgðir vill Mjólkursamsalan ekki eiga á hættu að Íslendingar verði smjörlausir um jólin og gátu því ekki orðið við þessari bön. Smjörneysla hefur aukist talsvert á öllum Norðurlöndunum á undanförunum misserum en talið er að óþurrkar og strangir framleiðslukvótar norskra stjórnvalda hafi m.a. orðið þess valdandi að þessi staða er komin upp í Noregi.

Gjaldeyrishöftin: afnám á einu ári



Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð Íslands stóðu fyrir morgunverðarfundum 15. desember um afnám gjaldeyrishafta. Á fundinum var kynnt ný skýrsla Viðskiptaráðs um gjaldeyrishöftin þar sem fjallað er um kostnaðinn sem af þeim hlýst og efnahagsleg áhrif þeirra. Tilgangur með útgáfu skýrslunnar er að ýta á ný við umræðu um gjaldeyrishöftin með því að varpa ljósi á margvíslega skaðsemi þeirra fyrir íslenskt hagkerfi verði þau of lengi við lýði.

Samhliða gerð skýrslunnar hafði Viðskiptaráð frumkvæði að því að kalla til hóp sérfræðinga til að móta nýja áætlun um afnám hafta. Sú áætlun felur í sér

metnaðarfulla en raunhæfa leið til afnáms hafta á um það bil einu ári, án þess að verulegur þrýstingur verði á gjaldeyrismarkað og kostnaði verði haldið í lágmarki.

Í hópnum sátu, Erlendur Magnússon, framkvæmdastjóri Total Capital Partners, Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri VÍ, Gylfi Magnússon, dósent við HÍ, Lúðvík Elíasson, hagfræðingur, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ Iceland, Tanya Zharov, framkvæmdastjóri Iögræðisviðs Auðar Capital og Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur.

Sjá nánar um fundinn á www.si.is

TIL HAMINGJU með frábæran árangur við flokkun úrgangs!



Á árinu 2010 fór 99,6% af úrgangi Alcoa Fjarðaáls til endurnýtingar og því aðeins 0,4% til urðunar. Þetta er frábær árangur og í takt við það metnaðarfulla markmið Fjarðaáls að allur úrgangur frá álverinu fari til endurnýtingar.

Við óskum Fjarðaáli og samstarfsaðila þeirra, Gámaþjónustu Austurlands, til hamingju með þennan glæsilega árangur!

Setjum umhverfið í fyrsta sæti!



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ